

Uppbyggingasamningur

Ísafjarðarbær, kt. 540596- 2639 og Golfklúbbur Ísafjarðar (hér eftir „GÍ“), kt. 500981-0169, gera með sér svofelldan samning uppbyggingu á golfvelli í Tungudal á árinu 2019.

1. gr.

Aðilar eru sammála um að GÍ haldi áfram framkvæmdum við uppbyggingu á golfvelli í Tungudal. Þau verkefni sem farið verður í á árinu 2019 eru:

9. braut:

Jafna svæði og leggja hlera yfir skurð fyrir framan kvennateig.

Útbúa nýjan karlateig ofan við gamla veginn, skera torf og leggja á nýja teiginn.

Ræsa með skurði fyrir neðan gamla veginn.

7. braut:

Útbúa nýjan kvennateig, skera og leggja torf.

8. braut

Framlengja veg frá 7. braut fram yfir kvennateiginn á 8. braut.

GÍ áætla að heildarkostnaður við framkvæmdirnar sé að fjárhæð kr. 2.500.000.

2. gr.

GÍ sér til þess að allt umhverfi sé ávallt til fyrirmyndar meðan á framkvæmdum stendur. GÍ ber ábyrgð á að afla tilskilinna leyfa fyrir framkvæmdum skv. þessum samningi.

3. gr.

Ísafjarðarbær greiðir hluta útlagðs kostnaðar, aðkeyptrar vinnu og vinnuframlag félaga í Golfklúbbi Ísafjarðar vegna framkvæmdanna kr. 1.500.000 við verklok.

Verklok skulu vera tilkynnt í síðasta lagi 1. desember 2019 með lokaskýrslu og sundurliðuðu yfirliti um kostnað og afriti reikninga. Þegar fulltrúi Ísafjarðarbæjar hefur staðfest að framlag GÍ til verkefnisins sé fullnægjandi fer greiðsla fram.

Ef framkvæmdir skv. 1. gr. samnings þessa hefjast ekki verður ekkert af greiðslum Ísafjarðarbæjar samkvæmt samningi þessum. Berist Ísafjarðarbæ ekki tilkynning um verklok, ásamt umbeðnum gögnum, skv. 1. mgr. 3. gr. samnings þessa fellur samningur þessi úr gildi og greiðslur ekki inntar af hendi Ísafjarðarbæjar.



4. gr.

Umhverfis- og eignasvið Ísafjarðarbæjar hefur eftirlit með verkinu og sjá um samskipti fyrir hönd Ísafjarðarbæjar. Brynjar Þór Jónasson, sviðstjóri umhverfis- og eignasviðs, er í forsvari fyrir sviðið. Sviðstjóri hefur eftirlit með að umgengni sé ásættanleg og að verkefninu sé eðlilega sinnt. Forsvarsmaður GÍ vegna samnings þessa er Kristinn Þórir Kristjánsson og ber forsvarsmaður ábyrgð á framkvæmdum við uppbyggingu gagnvart Ísafjarðarbæ.

5. gr.

Samningur þessi er gerður með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar. Rísi mál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Vestfjarða á Ísafirði. Samningur þessi er í tvíriti og undirritaður í votta viðurvist.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum, eitt handa hvorum samningsaðila.

Ísafirði, 13. september 2019

F.h. Ísafjarðarbæjar



Guðmundur Gunnarsson

F.h. Golfklúbbs Ísfirðinga



Kristinn Þórir Kristjánsson

Vottar að rétttri dagsetningu og undirritun:

Svetlana Þorunnarsd. 157080-3919
Nafn Kennitala

Melga Steingrimsdóttir 150163-4719
Nafn Kennitala